

Reykjavík, 20. janúar 2021

Umsögn við þingskjal 441 – 355. mál.

Frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu.

Í frumvarpinu er hvergi minnst á tungumál, málþroska eða mikilvægi snemmtækrar íhlutunar í málumhverfi barna. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, málstöð íslensks táknmáls, leggur áherslu á að réttur barna með skerta heyrn og fjölskyldna þeirra, auk barna táknmálstalandi foreldra og fjölskyldna þeirra til þess að tileinka sér og læra íslenskt táknmál sé virtur. Íslenskt táknmál er eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi og er það jafnréttihátt íslensku til tjáningar og samskipta skv. lögum nr. 61/2011. Íslenskt táknmál á hins vegar undir högg að sækja og sá réttur barna og fjölskyldna sem lögin eiga að tryggja er ítrekað brotinn. Því er ákaflega mikilvægt að það sé tryggt að Barna- og fjölskyldustofa hafi það hlutverk að beina börnum, fjölskyldum, málstjórum, tengiliðum og öðrum stofnunum á að framfylgja lögum nr. 61/2011 og þekki hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra skv. lögum nr. 129/1990 og geti leitað til hennar t.a.m. vegna þekkingaröflunar og rannsókna eða með því að vísa börnum og fjölskyldum á þjónustu Samskiptamiðstöðvar.

Um 1. gr.

Í upptalingu laga í 2. mgr. vantar lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í 3. gr. þeirra laga segir:

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.


Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða dauðblindu hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

Mikilvægt er að Barna- og fjölskyldustofa starfi á grundvelli laga nr. 61/2011 svo tryggja megi í allri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra að réttur til íslensks táknmáls komi t.a.m. fram í útgefnu efni stofnunarinnar sem ætlað er málstjórum, tengiliðum, börnum og fjölskyldum þeirra. Þótt Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sé málstöð sem heyrir

undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og því á öðru málsviði en t.a.m. Þjónustu-og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (ÞPM) þá þjónusta SHH og ÞPM að hluta til sama hóp barna og fjölskyldna. Þá skiptir máli að Barna- og fjölskyldustofa þekki hlutverk SHH skv. lögum nr. 129/1990 svo hægt sé að vísa börnum og fjölskyldum þeirra á þjónustu SHH. Snemmtæk íhlutun/stuðningur og þjónusta við börn með skerta heyrn og fjölskyldur þeirra auk þjónustu við börn táknmálstalandi foreldra og fjölskyldur þeirra er eitt af meginhlutverkum SHH og er þekking á íslensku táknmáli og táknmálssamskiptum grundvöllur allra samskipta og náms barnanna alla ævi, hvort svo sem íslenskt táknmál gegnir hlutverki fyrsta eða annars máls barnanna þegar þau eldast.

Um 3. gr.

Orðið úrræði vísar auðvitað til ráða, kosta, möguleika en hins vegar útilokar það að mörgu leyti ýmsa kosti, möguleika og réttindi sem snúa að öðrum sviðum en félags- eða heilsufarslegum þáttum í lífi barna og fjölskyldna. Það að börn og foreldrar lærir íslenskt táknmál og fái ráðgjöf um málþroska og samskipti barna með skerta heyrn myndi ekki teljast til úrræða í seinni skilningi orðsins þar sem um tungumálaráðgjöf og tungumálanám og - tileiknun er að ræða. Til þess að lögin nái ótvírætt yfir réttindi til þess að læra og tileinka sér íslenskt táknmál, m.t.t. til laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls væri orðið *þjónustuleið* eða *lausn* skýrara.



Kristín Lena Þorvaldsdóttir,
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar
heyrnarlausra og heyrnarskertra.